

Fundargerð stjórnarfundar  
Staður: Hæðargarður 34, Reykjavík  
Tími: 19. mars 2009, kl. 20.15 – 23.00  
Viðstaddir:

Hannes Siggason (HS) formaður  
Frá Gilbraut: Einar Kristjánsson (EK)  
Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)  
Frá Heiðarbraut: Sigrún María Kristinsdóttir (SMK)  
Frá Króki: Hjalti Elíasson (HE);  
Gestur fundarins: Magnús Jóhannesson (MJ), Króki  
Forföll: Frá Hólsbraut: Kjartan Kárason (KK)  
Frá Keldudal: Guðrún S. Ólafsdóttir (GSÓ)

---

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfunda lesnar og bornar upp til samþykktar (umsj: ritari/EK).
- 2) Fjárhagsáætlun félagsins (umsj. KK)
- 3) Fréttir af stjórnarstörfum SR (umsj. HE)
- 4) Verkefnalistinn – Áherslur stjórnar – Sjá fylgiskjal með dagskrá (umsj. HS)
- 5) Nýir leigusamningar við SR. Farið yfir athugasemdir sem borist hafa frá stjórnarmönnum við útgáfu samnings sem auðkenndar eru “26.02.2009”. Gengið frá endanlegri tillögu sem send verður forsvarsmönnum SR til skoðunar (umsj. HS)
- 6) Önnur mál (Allir)

---

1) Fundargerð síðustu tveggja stjórnarfunda. Ritari las fundargerðirnar sem voru undirritaðar af viðstöddum.

2) Fjárhagsáætlun félagsins. Frestað vegna fjarveru gjaldkera.

3) Fréttir af stjórnarstörfum SR. Endurskoðandi mætti á síðasta stjórnarfund SR og lagði fram uppkast af ársreikningum Skógræktarfélags Reykjavíkur. SR hefur tapað 23 millj. á fjárfestingum. Rekstrartap er 4,3 millj. Jólatrésala jókst úr 7 í 11,5 millj. 2008. Öttast er að Heiðmörk fari í niðurníðslu vegna niðurskurðar á yfirvinnu. Ársskýrsla SR kynnt; ekki minnst á FLÁF fyrir utan greinargerð frá Sigurjóni Eyjólfssyni í Eystri Pétursey. Þarf að fjalla um starfsemi okkar félags, t.d. plöntun. HS mun hafa samband við HG framkvæmdastjóra SR vegna málsins. Rætt var á fundi SR um fræðsludagskrá í Elliðavatnsbænum. Dagskrá var sl. haust um Einar Benediktsson. Til stendur að gera fræðsludagskrá að árlegum viðburði. Óvissa ríkir um samning SR við Rvk./Orkuveituna um Heiðmörk. Drög að samningi við Orkuveitu liggja fyrir. Hugmyndir eru uppi um starfsemi í tengslum við atvinnuáttak ríkisstjórnarinnar; vantar fé. Hugmynd um að forsvarsmenn SR heimsæki Fellsmörk þegar leigusamningar eru tilbúnir var rædd á þessum stjórnarfundum FLÁF (19/3).

4) Verkefnalistinn – Áherslur stjórnar. HS lagði fram skjal vegna þessa liðar og yfirlýfði það: Kanna þarf hverjir eru ekki að greiða gjöld – spyrja KK.

KK segir að Sveinn sveitarstjóri tók vel í umsókn okkar varðandi sorpgáma, taldi reyndar ólíklegt að annar gámur fengist inn við Keldudal.

HE vegna varnargarða/girðinga: Fyrir tveim vikum voru malarbílar á ferð fyrir austan, voru að sækja efni í landi Hvals og keyra í varnargarða. Gylfi hjá Landgræðslunni er að vinna í umsókn okkar; óvíst um afgreiðslu. Frést hefur að Haraldur í Álftagróf sé að flytja jarðýtu austur sem á að grafa skurð frá varnargarði niður að Holti. Við njótum góðs af þeirri framkvæmd. HE hefur gengið með girðingum frá Álftagróf upp á heiði. HE telur girðinguna ranglega staðsetta. Þyrfti að skoða það mál.

HS fjallaði um landgræðsluskógaverkefnið; afhenti gögn á fundinum um gróðursetningu 2008 sem fari í fundargerðabók. Plöntunardagur 2009 verði 20. júní. Athugasemdir hafa borist frá Júlíu Króki og Sigrúni Heiðarbraut um breytt plöntuval; lögð verði áhersla á að fá reynivið, Rússalerki og furu. Kostnaður við plöntudag var ræddur. Eldsneytiskostnaður verði endurgreiddur þeim sem annast plöntuflutninga og undirbúning plöntunardagsins og verði félagsgjaldið hækkað á næsta aðalfundi til að mæta því. Valdimar Reynisson Hólsbraut hyggst ganga til liðs við plöntunardagsnefndina og útvega plöntuflutningakerru. Kristinn Guðmundsson Hlíðarbraut vill og aðstoða.

5) Nýir leigusamningar við SR. Breytingatillögur sem hafa borist frá KK og MJ lagðar fram, ásamt tveimur tillögum frá ERS. Þessar tillögur voru ræddar í þaula og tók HS að sér að fella þær inn í fyrirliggjandi samningstexta sem fylgir, með fyrirnefndum breytingum, með fundargerð þessari. Rædd var aðkoma Helga Áss Grétarssonar lögmanns að málinu (yfirlestur samningstextans). Voru skiptar skoðanir á því á hvaða stigi hann ætti að koma að þessu máli; áður en textinn er lagður fyrir SR eða eftir og undan kynningu fyrir landbúnaðarráðuneyti.

6. Önnur mál. Rætt var um að hefja þyrfti undirbúning næsta aðalfundar félagsins 2009.

Fundi slitið um kl. 23.00.

Fundargerðina ritaði Einar Kristjánsson ritari.

Dreifing: Stjórn félagsins ; Heimasíða félagsins

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir: